

ÍSL ENG



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

2021

2021

opíð

kl. 12-17
alla daga

open

12 noon-5 pm
every day

INNGANGUR

FOREWORD



Árið sem nú er að baki hefur svo sannarlega verið einkennilegt. Áskoranirnar, sem við öll höfum þurft að eiga við, eru verulega margar og mismunandi. Framundan eru sem betur fer bjartari tímar og í Listasafnину byrjum við árið af krafti – en auðvitað með öllum fyrivörum, aðgæslu og varúð.

Vegna Covid-19 höfum við þurft að breyta dagskránni lítillega. Sýning á verkum úr safneign hefur verið uppfærð og er annar hluti hennar sýndur í sal 08. Hin árlega samsýning barna og listamanna, *Sköpun bernskunnar*, verður opnuð 20. febrúar, en sýningin hlaut Öndvegisstyrk Safnaráðs til þriggja ára og er það mikil og ánægjuleg viðurkenning. Viðamikil sýning á verkum eftir Erró opnar í vor, undir yfirkriftinni *Ferðagarþurinn Erró* – unnin í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og tvíæringur norðlenskra myndlistarmanna er áfram fastur og mikilvægur liður í sýningum safnsins. Auk þess munum við opna sýningu á nýlegum verkum í safneign, því þrátt fyrir að Listasafnið hafi í alltof langan tíma ekki haft fjármagn til kaupa á verkum hafa okkur borist margar góðar gjafir sem við viljum gjarnan deila með gestum okkar.

Sýningar nemenda Verkmenntaskólans og Myndlistaskólans eru einnig á dagskránni og með haustinu opnum við einkasýningar íslenskra og erlendra listamanna, ungra og aldinna, auk *Gjörningaháttíðarinnar A!* sem haldin verður í sjóunda sinn. Fjölbreytni og metnaður verður því áfram í fyrirrúmi.

Miðlun sýninga og fræðslu á netinu hefur stóraukist og höfum við hug á að halda áfram á þeim vettvangi, jafnvel þó að samkomutakmarkanir verði ekki eins strangar og við höfum fengið að kynnast á árinu sem leið. „Kófið“ hefur kennt okkur ýmislegt og eitt af því er einmitt hversu mikilvægt það er okkur að hittast og fá að njóta menningar og lista. Það viljum við fá að gera áfram, því það er svo nauðsynlegur þáttur í lífi okkar.

Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Last year was truly strange. We have all had to face so many different challenges. Fortunately, we have a bright future ahead of us and at Akureyri Art Museum we start the year with energy – although with caution and following the rules that apply.

Due to Covid-19 we had to change a few things in our program for 2021. Our permanent exhibition has been updated and *Selected Works from the Museum's collection - part II* has now been installed. The yearly group exhibition of works by children and artist; *Creation of Childhood* will be open February 20th. The exhibition was allotted a-three-year honors grant from The Icelandic Museum Fund which is an excellent recognition. An extensive exhibition of works by Erró will open in the spring under the title *Erró The Traveller* in collaboration with Reykjavík Art Museum. The biennale with works from artists in North Iceland will continue as an important part of the museum's yearly program. *Recent Acquisitions* from the museum collection will also be offered since – although the museum has had no funds for several years to buy art – it has received some donations of art which will now be shared with our guests.

Exhibitions of works by students of VMA and Akureyri School of Visual Arts are also a part of the program and by fall solo exhibitions from both Icelandic artists and artist from abroad, young and old will be installed along with *A! Performance Festival* which will be held for the seventh time. So, diversity and ambition will continue to be in the forefront.

Dissemination and museum education have increased and we intend to continue on that road even though restrictions on gatherings will become less strict. Covid-19 has taught us a number of things, one being how important it is for us to be able to enjoy art and culture together. We want to be able to continue doing this, since it is such an important part of our lives.

Hlynur Hallsson, director of Akureyri Art Museum.

SÝNINGAR

EXHIBITIONS

Salir Galleries

20.02.2021 – 02.05.2021 SKÖPUN BERNSKUNNAR 2021 Samsýning Group exhibition	10 11	28.08.2021 – 10.04.2022 HEKLA BJÖRT HELGADÓTTIR Villiljóð The Wild Poem	12
01.05.2021 – 12.09.2021 ERRÓ Ferðagarpurinn Erró Erró the Traveller	01 02 03 04 05	25.09.2021 – 16.01.2022 ANN NOËL Teikn og tákna Icons and Symbols	01
08.05.2021 – 16.05.2021 MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS Sjónmennt 2021 Visual Art Studies 2021	10	25.09.2021 – 16.01.2022 BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR MARK WILSON Vísitasiur Visitations	02 03 04 05
08.05.2021 – 16.05.2021 VMA ÚTSKRIFTARSÝNING 2021 VMA FINAL PROJECTS 2021	11	07.10.2021 – 10.10.2021 A! GJÖRNINGAHÁTIÐ A! PERFORMANCE FESTIVAL	11
29.05.2021 – 14.11.2021 VALIN VERK ÚR SAFNEIGN LISTASAFNSINS Á AKUREYRI SELECTED WORKS FROM AKUREYRI ART MUSEUM'S COLLECTION Nýleg aðföng Recent Acquisitions	09	20.11.2021 – 28.11.2021 VMA ÚTSKRIFTARSÝNING 2021 VMA FINAL PROJECTS 2021	10 11
29.05.2021 – 26.09.2021 SAMSÝNING NORÐLENSKRA MYNDLISTARMANNA SELECTED WORKS BY NORTH ICELANDIC ARTISTS Takmarkanir Limitations	10	04.12.2021 – 27.11.2022 VALIN VERK ÚR LISTASAFNI ASÍ SELECTED WORKS FROM ASÍ ART COLLECTION Gjöfin til íslenzkrar alþýðu The Gift to The People	08 09
28.08.2021 – 14.08.2022 RAGNAR KJARTANSSON Undirheimar Akureyrar The Underworld of Akureyri	06	04.12.2021 – 06.02.2022 KARL GUÐMUNDSSON Lífslínur Lifelines	11
		04.12.2021 – 06.02.2022 ERLING KLINGENBERG punktur punktur punktur dot dot dot	10

SAFNBÚÐ LISTASAFNSINS

Gjafavörur
Bækur
Myndir
Munir
Kort
Plaköt
Bolir

Opið alla daga kl. 12-17

VINIR LISTASAFNSINS

Vinafélag Listasafnsins
á Akureyri er félag
áhugafólks um myndlist
og er tilgangur þess að
efla starfsemi safnsins

Skráning og allar
upplýsingar má finna á

listak.is



YFIRSTANDANDI SÝNINGAR ONGOING EXHIBITIONS

Salir Galleries

– 07.02.21	10 11
Arna Valsdóttir Staðreynd 6 – Samlag Local Fact 6 – Co-op Vídeo-innsetning úr seríunni Staðreynd Video installation from the series Local Fact	
– 11.04.21	01 02 03 04 05
Þorvaldur Þorsteinsson Lengi skal manninn reyna – Yfirlitssýning Long Are the Trials of Man – A retrospective	
– 16.05.21	09
Kristín K. Þórðardóttir Thoroddsen KTh – Málverk og ljósmyndir KTh – Paintings and Photographs	
– 15.08.21	06 07
Lilý Erla Adamsdóttir Skrúðgarður Soft Spot	
– 15.08.21	12
Frá Kaupfélagsgili til Listagils From Co-op Street to Art Street	
– 05.09.21	Stigagangur, 3. hæð Staircase, third floor
– 14.11.21	08
Úrval – II. hluti Selected Works – Part II Valin verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri Akureyri Art Museum Collection	



Eggert Pétursson, *Án titils*, 2008-2009 (hluti úr verki / detail).

SKÖPUN BERNSKUNNAR 2021

CREATION OF CHILDHOOD 2021

Salir Galleries 10 11

Samsýning

Group exhibition

20.02.2021 – 02.05.2021

Þetta er áttunda sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp sem hluti af safnfræðslu, með það markmið að gera sýnilegt og örva, skapandi starf barna á aldrinum fimm til sextán ára.

Þátttakendur hverju sinni eru skólabörn og starfandi myndlistarmenn. Þátttakendurnir vinna verk sem falla að þema sýningarinnar, sem að þessu sinni er *gróður jarðar*.

Myndlistarmönnunum Eggerti Péturssyni og Guðbjörgu Ringsted var boðin þátttaka að þessu sinni. Þau eru bæði landspekt fyrir málverk sín, þar sem blóm og jurtir eru uppistaðan. Skólnir sem nú taka þátt eru leikskólinn Iðavellir og grunnskólanir Glerárskóli, Síðuskóli og Giljaskóli, sem og Minjasafnið á Akureyri / Leikfangahúsið.

Leikskólabörnin vinna sín verk í Listasafninu undir handleiðslu Guðbjargar Ringsted og Guðrúnar Pálínu Guðmundsdóttur, fræðslufulltrúa og sýningastjóra. Myndmenntakennarar þeirra grunnskóla sem taka þátt stýra þeirri vinnu sem unnin er sérstaklega fyrir sýninguna, í samstarfi við nemendur.

Sýningin hlaut öndvegisstyrk Safnaráðs til þriggja ára.

Sýningastjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

This is the eighth annual exhibition with the title *Creation of Childhood*. The aim is to present and stimulate creative work and creative thinking of school children from the age of five to sixteen.

Participants each time are children and artists who create works according to the theme, which this time is *earthly vegetation*.

The participating artists this year are Eggert Pétursson and Guðbjörg Ringsted. They are well known for their paintings where the main subjects are plants and flowers. The participating playschool is Iðavellir and the elementary schools Glerárskóli, Síðuskóli and Giljaskóli, as well as Akureyri Museum / Toy Museum.

Children from the playschool create their work at the museum under guidance from Guðbjörg Ringsted and Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, museum teacher and curator. Art teachers from the elementary schools co-operate with their students in creating the works they will exhibit.

The exhibition was allotted a three-year honors grant from The Icelandic Museum Fund.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

ERRÓ



Mercury Astronauts in Spacesuits, 1980.



Ferðagarpurinn Erró

Erró the Traveller

01.05.2021 – 12.09.2021

Ferðalög eru einkennandi fyrir líf og list Errós (f. 1932). Hann stundaði listnám í Reykjavík, Ósló í Noregi og Ravenna og Flórens á Ítalíu, þar til hann settist að í París 1958, eftir nokkurra mánaða dvöl í Ísrael. Mörg ferðalög fylgdu þar á eftir og má nefna sögulegar ferðir til New York í Bandaríkjunum, Moskvu í þáverandi Sovétríkjunum og Havana á Kúbu. Í heimsreisu sinni 1971-1972 lá leið hans um Asíu. Frá því á áttunda áratugnum hefur Erró skipt búsetu sinni á milli Parísar í Frakklandi, Bangkok í Taílandi og Formentera á Spáni.

Hvert sem hann fer sankar Erró að sér hundruðum mynda. Hann nýtir þær í samklippuverk sem smáman verða að málverki. Hugmyndin um ferðalög og tilfærslur birtist í mörgum verkum, þar sem hann notar mótip eins og flugvélar, lestir, eldflaugar, fugla, hesta eða jafnvél ofurhetjur. Hún kemur enn fremur skýrt fram í seríum er varða „heimsferð Maós“, „geimferðir“ og „konur frá Norður-Afríku“.

Sýningin er samstarfsverkefni Listasafnsins á Akureyri og Listasafns Reykjavíkur.

Sýningarstjóri: Danielle Kvaran.

Travels characterize both Erró's life and career. He studied art in Reykjavík, Oslo, Ravenna, Florence, and eventually settled in Paris in 1958, after spending several months in Israel. Many successive journeys followed, including some remarkable trips to New York, Moscow and Havana. A world tour, 1971-1972, led him to cross Asia. From the 1970s, he has lived and worked in Paris, Bangkok and Formentera in Spain.

Wherever he goes, Erró collects hundreds of images. He brings them together in collages which, enlarged, lead to paintings. The idea of travel, of displacement, appears in many works through the use of motifs such as planes, rockets, trains, birds, horses, or even superheroes. This manifests itself in a specific way in series about "Mao's world tour", "space travels" and "North African women".

The exhibition is a collaboration between Akureyri Art Museum and Reykjavík Art Museum.

Curator: Danielle Kvaran.

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS



Frá *Sjónmennt* 2020 / From Visual Art Studies 2020.

Sjónmennt 2021

**Sýning útskriftarnema
Myndlistaskólans á Akureyri**

Visual Art Studies 2021
Graduating Students from
The Akureyri School Of Visual Arts

08.05.2021 – 16.05.2021

Pað dylst engum sem skoðar verk þeirra myndlistarmanna og hönnuða sem brautskráðir eru að loknu þriggja ára námi í sérnámsdeildum Myndlistaskólans á Akureyri að þar eru á ferð sterkir einstaklingar sem taka fag sitt alvarlega og hagnýta sér til fulls þá reynslu sem þeir hafa öðlast.

Sjálfsskoðun er mikilvæg og gerir þá kröfу til nemandans að hann nái að yfirstígа nánd sína og birta viðfangsefni sitt á þann hátt að það veki áhuga áhorfandans. Pað getur verið snúið, en styrkleiki nemandans felst í hnitiðaðri, myndrænni framsetningu verkanna og kunnáttu til að miðla henni á sem sterkastan hátt til áhorfandans. Myndrænn framsetning verkanna er hluti af hugmyndinni og gegnir lykilhlutverki í að miðla áhrifunum til áhorfandans.

No one who observes the work of the artists and designers who graduate after three years of specialized studies at the Akureyri School of Visual Arts is in doubt that they are strong individuals who take their profession seriously and take full advantage of the experience they've gained.

The students' strength lies in a focused, visual presentation of artwork and skill as well as communicating that to the viewer in as powerful a manner as possible. The works' visual presentation is a part of the idea and plays a key role in communicating the influence to the viewer.

LISTNÁMS- OG HÖNNUNARBRAUT VMA



VMA forsíðumynd 2020 / VMA cover photo 2020.

Útskriftarsýning

NEMENDUR LISTNÁMS- OG HÖNNUNARBRAUTAR VMA

Final Projects

Visual art and textiles students at VMA -
The Akureyri Comprehensive College

08.05.2021 – 16.05.2021 20.11.2021 – 28.11.2021

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbraudar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er sjóunda árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði, þar sem þeim gefst tækifaðri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnt.

Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarferli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með. Nemendur fá eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur, þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the seventh year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before, or acquaint themselves with new ones.

The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium. The students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI



Óli G. Jóhannsson, *Diskur, fiskur*, 1994.

Nýleg aðföng

Valin verk úr safneign
Listasafnsins á Akureyri

Recent Acquisitions

Selected works from
Akureyri Art Museum Collection

29.05.2021 – 14.11.2021

Eitt af meginhlutverkum listasafna er að safna myndlist og miðla safneigninni. Því miður er ekkert fjármagn áætlað á fjárhagsáætlun Listasafnsins á Akureyri til kaupa á listaverkum og þannig hefur það verið í meira en áratug. Þetta stendur vonandi til bóta, enda mikilvægt að safna með reglubundnum hætti listaverkum sem endurspeglar listasöguna. Listasafninu hafa aftur á móti borist margar góðar gjafir á síðustu árum og byggir sýningin *Nýleg aðföng* á þeim verkum.

Í söfnunarstefnunni segir meðal annars: „Söfnunarsvið Listasafnsins á Akureyri er allt landið en jafnframt leggur safnið sérstaka áherslu á söfnun verka sem tengjast Norðurlandi.“ Móttaka gjafa takmarkast af því markmiði að Listasafnið byggi upp heillega og markvissa safneign. Safnstjóri og fulltrúar í Listasafnsráði fjalla um og taka ákvarðanir er varða móttóku gjafa. Ákvörðunin byggir á söfnunarstefnu safnsins, markmiðum þess og stöðu safneignar á hverjum tíma.

Sýningastjóri: Hlynur Hallsson.

One of the main roles of art museums is to collect art and exhibit their collections. Unfortunately no funds were reserved to buy art in the 2021 budget for Akureyri Art Museum. And so it has been for over a decade. This will hopefully change soon so the museum can attend to the important task of collecting contemporary art in a systematic order to represent art history. The Art Museum has however received a number of donations in the form of artworks over the past few years and that is what this exhibition relies upon.

The procurement policy for Akureyri Art Museum states, amongst other things, that Icelandic art should be collected, but especially art that has ties to North Iceland. The receiving of donations is limited to art that serves the goal of a comprehensive and focused collection. The Museum director and members of the Museum Council decide which donations to accept based on the procurement policy and the state of the permanent collection.

Curator: Hlynur Hallsson.

PRIÐJUDAGSFYRIRLESTRAR

Priðjudagsfyrirlestrar fara fram í Ketilhúsinu kl. 17-17.40

2. febrúar
Sunna Svavarsdóttir
myndlistarkona

9. febrúar
Þóra Sigurðardóttir
sýningarstjóri

16. febrúar
Hafdís Helgaóttir
myndlistarmaður

23. febrúar
Seung hee Lee
myndlistarmaður

2. mars
Vandræðaskáld
Sesselía Ólafsdóttir og
Vilhjálmur B. Bragason

9. mars
Aðalsteinn Þórsson
myndlistarmaður

16. mars
Magni Ásgeirsson
tónlistarmaður

Verið velkomin
Aðgangur ókeypis



SMIÐJUR

Margskonar smiðjur fyrir unga sem aldna eru haldnar endurgjaldslaust árið um kring í Listasafninu

Skráning og allar upplýsingar má finna á listak.is



FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf Listasafnsins er ætlað alls konar hópum, s.s. skólahópum, vinahópum og vinnustaðahópum

Heimsóknir eru bókaðar á palina@listak.is

TAKMARKANIR

RESTRICTIONS



Frá *Sumar* 2017 / From *Summer* 2017.

Samsýning norðlenskra myndlistarmanna

Group exhibition works by North Icelandic artists

29.05.2021 – 26.09.2021

Frá 2015 hefur annað hvert ár verið sett upp sýning á verkum norðlenskra myndlistarmanna í Listasafninu á Akureyri. Það er því komið að fjórða tvíæringnum og að þessu sinni hefur sýningin sérstakt þema: *Takmarkanir*. Titillinn er að sjálfsögðu bein tilvísun í ástandið í heiminum þessi misserin.

Listasafnið auglýsir eftir umsóknum um þátttöku í sýningunni og sérstök dómnefnd velur inn verk. Gefin verður út sýningarskrá og reglulega verður boðið upp á leiðsagnir með listamönnum sem taka þátt í sýningunni. Sýningunni er þannig ætlað að gefa innsýn í þá fjölbreyttu flóru myndlistar sem tengist Norðurlandi og vekja umræður um stöðu norðlenskra listamanna og myndlistar. Tvíæringurinn getur þannig orðið grunnur rannsókna og sköpunar á sviði myndlistar og um leið hvatning og tækifæri.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

Every other year since 2015 a group exhibition with works from North Icelandic artists has been set up at the Akureyri Art Museum. This is therefore the fourth biennale, which now has a special theme: *Restrictions*. Obviously this is a title which directly refers to the state of the world these days.

Participants apply to a call from Akureyri Art Museum and a special jury selects the works that will be exhibited. A catalogue will be published and guided tours offered regularly with the participating artists. The exhibition is meant to give an insight into the diverse flora of visual arts tied to North Iceland and bring attention and inspire discussion on the status of artists and visual arts in North Iceland. Hence the biennale can become a basis for research and creativity within the field of visual arts as well as a motivation and opportunity.

Curator: Hlynur Hallsson.



This Must Be the Place, 2017.

RAGNAR KJARTANSSON



Undirheimar Akureyrar

The Underworld of Akureyri

28.08.2021 – 14.08.2022

Ragnar Kjartansson er einn af virtustu listamönnum þjóðarinnar – þekktur fyrir vídeoárverk, málverk, gjörninga og innsetningar. Ragnar sýnir nýtt útilistaverk sem er sérstaklega unnið fyrir svalir Listasafnsins á Akureyri og hefur beina tilvísun í akureyskrt samfélag, eins og Ragnar orðar það sjálfur: „Á Akureyri er allt aðeins meira í lagi en annars staðar.“

Það örlar oft á kaldhæðni í verkum Ragnars og koma þau áhorfandanum sífellt á óvart með ákveðinni framsækni tengdri þjóðarsálinni, sögunni og tilvist listamannsins innan samfélagsins eða utan þess.

Ragnar Kjartansson er fæddur í Reykjavík 1976. Hann lauk námi frá myndlistadeild Listaháskólans 2001 og var gestanemandi í Konunglegu akademíunni í Stokkhólmi 2000. Hann stundaði auk þess nám við Hússtjórnarskólann í Reykjavík 1996-97. Ragnar hefur haldið einkasýningar í mörgum af virtustu listasöfnum heims s.s. Musée d'art contemporain de Montréal í Kanada 2016, Kunstmuseum í Stuttgart í Þýskalandi 2019 og Metropolitan Museum of Art í New York í Bandaríkjunum 2019. Hann var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 2009.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

Ragnar Kjartansson is one of the most respected Icelandic artists – known for his video-work, paintings, performances and installations. Kjartansson exhibits a new art-piece especially created for the balcony of Akureyri Art Museum with a direct reference to the Akureyrian community, in his own words: "In Akureyri everything is a little bit more OK than in other places."

A touch of sarcasm can often be detected in his work that never cease to surprise the viewer through a certain progression linked to the Icelandic national character, history and the artist's existence within the community or outside it.

Kjartansson is born in Reykjavík 1976. He graduated from the Fine Art Department of Iceland University of the Arts in 2001 and was an exchange student at the Royal Academy in Stockholm in 2000. He also studied at the Homemaking School in Reykjavík 1996-97. Kjartansson has had solo exhibitions at several distinguished art museums and galleries around the world such as Musée d'art contemporain de Montréal, Canada 2016, Kunstmuseum in Stuttgart, Germany 2019 and the Metropolitan Museum of Art in New York, USA 2019. He represented Iceland at the Venice Biennale in 2009.

Curator: Hlynur Hallsson.

HEKLA BJÖRT HELGADÓTTIR



Spider Umbrella, 2021



Villiljóð

The Wild Poem

28.08.2021 – 10.04.2022

Víðast hvar í kringum okkur leynast fingerðir töfrar. Í klifun hversdagsleikans er auðvelt að missa sjónar á þeim, en einmitt þar liggja þeir í felum á milli ryks og skugga. Þegar síst lætur geta þeir birst okkur. Stundum eins og hugljómanir. Augnabliksvíma, fyrir óræða fegurð sem fangar hugann. Töfrarnir geta sprottið af einu orði, sýn eða skyndilegri minningu úr draumi og aðráttaraflíð tryllt eins og villtur hestur.

Villiljóð er sýning ljóðsins í þrívíðu formi. Ljóðið er unnið í formi skúptúra og annars konar myndlistarverka til að má út mörkin á milli miðlanna.

Hekla Björt Helgadóttir (f. 1985) vinnur jöfnum höndum sem myndlistarmaður og skáld. Verk hennar eru einlæg, hnyttin og draumkennd og oft undir sterkum áhrifum frá leikhúsi og gjörningalist. Hekla hefur sett upp þónokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og gjörningaviðburðum. Einnig er hún ein af stofnendum og starfrækjendum listahópsins Kaktuss á Akureyri.

Everywhere around us some delicate magic is lurking. In the repetitious mundane of everyday life this is easily missed, but that is however where it hides; between dust and shadows. When one least expects it, it can appear. Sometimes like an inspiration. A momentary high, for an unfathomable beauty that captures the mind. The magic can be sparked by one word, a vision or a sudden memory from a dream, and the attraction fierce like a wild horse.

The Wild Poem is an exhibition of a poem in three-dimensional form. The poem is created in the form of sculptures and other visual artforms in order to blur the borders between the mediums.

Hekla Björt Helgadóttir (1985) works interchangeably as a visual artist and a poet. Her work is honest, witty and dreamy; often under strong influence from the theatre and performance-art. Helgadóttir has held a number of solo exhibitions and participated in several group exhibitions and performance-events. She is also one of the founding members of the art-group Kaktuss in Akureyri.



TO & FRO II, 2003

ANN NOËL



Teikn og tákna Icons and Symbols

25.09.2021 – 16.01.2022

Ann Noël, fædd á Englandi 1944, hefur verið búsett í Berlín frá 1980. Bakgrunnur hennar er í grafískri hönnun, prenti, ljósmyndun, málun og gjörningum.

Eftir útskrift úr grafískri hönnun 1968, frá Bath-listaakademíunni í Corsham, vann hún með Hansjörg Mayer í Stuttgart, en hann var einn af fyrstu útgefendum bókverka.

Þessi reynsla kom sér vel þegar henni bauðst að vinna sem aðstoðarmaður Dick Higgins, útgefanda hjá The Something Else Press í New York. Þar kynntist hún Emmett Williams (1925-2007), ritstjóra forlagsins og fjölmögum Fluxus listamönnum.

Snemma á níunda áratugnum varð hún virkur meðlimur í Fluxus hreyfingunni og tók þátt í gjörningahátíðum víða um heim, einkum í samvinnu við eiginmann sinn Emmett Williams. Hún fremur ennþá gjörninga innan Fluxus Art Group. Einnig hefur hún sjálf gefið út mörg af sínum eigin bókverkum í gegnum árin.

Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

Ann Noël, born in England 1944, has lived in Berlin since 1980. She has a background in graphic design, printmaking, photography, painting and performance.

After graduating in graphic arts and design in 1968 from the Bath Academy of Art in Corsham, she worked with Hansjörg Mayer in Stuttgart, who was one of the first publishers of artists' books.

This experience prepared her for the job offered to her in 1969; as assistant to Dick Higgins, publisher of The Something Else Press in New York, where she met Emmett Williams (1925-2007), editor-in-chief of the press, and several other Fluxus artists.

In the early eighties she became active in the Fluxus-movement, participating in performances at festivals worldwide, especially in collaboration with her husband Emmett Williams. She is still performing within the framework of the Fluxus Art Group. She has also published many of her own artist's books over the years.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.



Shooting the Messenger Male, 2018.

BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR MARK WILSON



Vísitasiur Visitations

25.09.2021 – 16.01.2022

Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson vinna saman að þverfaglegum myndlistarverkefnum í listasöfnum víða um heim. Þau vinna jafnt með sérfræðingum sem leikmönnum og í verkum sínum skoða þau birtingarform dýra í samfélagslegu, menningarlegu og umhverfislegu samhengi. Verk þeirra afhjúpa menningartákn, sýna fram á hefðir og viðbrögð manna gagnvart dýrum, um leið og þau varpa ljósi á spurningar um náttúruvernd og ólíka afstöðu manna til útrýmingarhættu lífríkisins í vistfræðilegu samhengi.

Vísitasiur er sýning á verkum þeirra og hluti af listrannsóknarverkefninu *Ísbirnir á villigötum*, unnið í samstarfi sérfræðinga á sviði myndlista, þjóðfræði og náttúru- og umhverfisfræði. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á fjölpættum tengslum dýra, manna og umhverfis á tímum loftslagshlýnunar. Áhersla verður lögð á að rannsaka birtingarform hvítabjarna á Íslandi í sögulegu og samtímalegu samhengi. Sýningin er unnin í samvinnu við Anchorage safnið í Alaska. Verkefnið er stutt af Rannís.

Sýningarstjóri: Æsa Sigurjónsdóttir.

Bryndís Snæbjörnsdóttir and Mark Wilson are a collaborative art partnership. Their interdisciplinary art practice is research-based and socially-engaged, exploring issues of history, culture and environment in relation to both humans and non-human species. Often working in close consultation with experts and amateurs in the field, their work tests cultural constructs and tropes, and human behavior in respect to ecologies, extinction, conservation and the environment.

Visitations is an exhibition based on their work, in the collaborative, artist-led research project *Visitations: Polar Bears Out of Place*, undertaken together with experts in visual art, folklore, animal- and environmental studies. The aim of the project is to contribute to a growing body of knowledge concerning human/non-human relations in a time of global warming. To this end particular focus is on historic and contemporary representations of polar bear arrivals to Iceland. The exhibition is organised in collaboration with the Anchorage Museum in Alaska. The project is supported by Rannís.

Curator: Æsa Sigurjónsdóttir.



A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

A! PERFORMANCE FESTIVAL

A!

07.10.2021 – 10.10.2021

A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningaháttíð sem haldin er árlega, nú í sjöunda sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Leikfélags Akureyrar, Menningarhússins Hofs, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarháttíðar, Gilfélagsins, Listnámsbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur A! Gjörningaháttíðar eru ungar og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel bekktum gjörningalistamönnum og leikhúsfólk. Á meðal þeirra sem komið hafa fram á A! eru Magnús Pálsson, Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Rúrí, Theatre Replacement, Hekla Björt Helgadóttir, Drengurinn Fengurinn, Anna Richardsdóttir, Halldór Ásgeirsson og Tales Frey.

Samhliða A! fer vídeólistaháttíðin *Heim* fram auk viðburða utan dagskrár (off venue).

A! is a four-day international performance festival held every year, now for the seventh time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Akureyri Culture Society, Akureyri Theater, LÓKAL International Theater Festival, Reykjavík Dance Festival and Icelandic Art Centre.

A variety of performances and theatre-based projects of all kinds are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists as well as experienced and well-known performance artists and theatre professionals. Among those who have participated in A! are Magnús Pálsson, Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Rúrí, Theatre Replacement, Hekla Björt Helgadóttir, Drengurinn Fengurinn, Anna Richardsdóttir, Halldór Ásgeirsson and Tales Frey.

The video art festival *Heim* (Home) is held in Akureyri at the same time as well as a number of off-venue events.



Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, *Ég sé pig*, Frá A! 2020 / From A! 2020.

KARL GUÐMUNDSSON



Himinn og jörð, 2020 (hluti úr verki / detail).

Lífslínur Lifelines

04.12.2021 – 06.02.2022

Listferill Karls Guðmundssonar spannar nú rúmlega tvo áratugi. Hann hefur haldið einkasýningar frá 2000 og jafnframt tekið þátt í fjölda samsýninga.

Karl hóf nám í Myndlistaskólanum á Akureyri fimm ára gamall undir handleiðslu Rósu Kristínar Júlíusdóttur og útskrifaðist af myndlistabraut Verkmenntaskólans á Akureyri 2007. Þau hafa unnið saman síðan. Í upphafi sem kennari og nemandi, en nú sem samstarfsfélagar í listinni. Verkin á sýningunni eru myndrænn afrakstur samtals þeirra og samleiks. Flest þeirra eru málublads á striga, gler og plexíglær. Samstarfsfélagar á sýningunni eru myndlistarmennir Arna Valsdóttir og áðurnefnd Rósá Kristín Júlíusdóttir.

Karl er mál- og hreyfihamlaður, en tekst engu að síður að koma skyrt til skila þeiri næmu, listrænu tilfinningu sem býr innra með honum. Hann var útnefndur listamaður Listar án landamæra 2015.

Sýningarstjóri: Rósá Kristín Júlíusdóttir.

Karl Guðmundsson's career as an artist now spans over two decades and includes several solo exhibitions, starting in 2000, and numerous group exhibitions.

Guðmundsson began his studies at Akureyri School of Visual Arts at the age of five under guidance from Rósá Kristín Júlíusdóttir and graduated from the art department of Akureyri Comprehensive College in 2007. They started their art-collaboration as teacher and pupil, evolving into a partnership of equals. The exhibition is the product of their collaboration. Most of the works are paintings on canvas, glass and plexiglass. The artists Arna Valsdóttir and the aforementioned Rósá Kristín Júlíusdóttir are Guðmundsson's partners in this exhibition.

In spite of Guðmundsson's multiple disabilities he manages to share the artistic sensitivity he possesses with the viewer. In 2015 he was the artist of the year for Art Without Borders.

Curator: Rósá Kristín Júlíusdóttir.



Frátekið fyrir Erling T. V. Klingenberg 2020, 2005.

ERLING T. V. KLINGENBERG



punktur, punktur, punktur dot, dot, dot

04.12.2021 – 06.02.2022

Erling T. V. Klingenberg birtist oft sjálfur í listsögulegum tilvísunum í eigin verkum. Tilvísunum sem notaðar eru til að ná fram hlutlægri framsetningu og huglægum ímyndum. Vinnaðferðir hans sveiflast á milli þess óþægilega og þess einlæga. Ágengar tilfinningar eru einnig algengt viðfangsefni verka hans.

Erling setur hugmyndina um listamanninn í óvænt og oft skoplegt samhengi, eins og endurspeglast í slagorðinu: „Pað er erfitt að vera listamaður í líkama rokkstjörnu“ (“It’s hard to be an Artist in a Rock star’s body”). Þráhyggjukenndar tilraunir Erlings til að skilgreina hlutverk listamannsins í samfélagi „rokkstjörnunnar“ knýja hann til rannsókna á hvernig listamaðurinn gerir, en ekki hvað hann gerir. Pað er því ferlið sem vekur áhuga hans, en ekki útkoman.

Erling T. V. Klingenberg stundaði nám í myndlist á Íslandi, í Þýskalandi og Kanada. Hann hefur sýnt víða hérlandis og erlendis og er einn af stofnendum Kling & Bang í Reykjavík.

Erling T. V. Klingenberg often appears himself in his own works, in arthistoric references. These references serve the purpose of producing an objective presentation and subjective images. His work methods swing between the uncomfortable and the honest. Aggressive emotions are also a recurring subject in his work.

Klingenbergs often presents the idea of the artist in a humorous context, as is reflected in the slogan “It’s hard to be an Artist in a Rock star’s body.” His obsessive attempts to define the role of the artist in “the rockstar’s society” drive him to research *how* the artist does, not *what* he does. Hence it is the process that sparks his interest, not the outcome.

Erling T. V. Klingenberg studied art in Iceland, Germany and Canada. He has exhibited his work widely in Iceland as well as abroad and is one of the founding members of Kling & Bang in Reykjavík.



GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU

THE GIFT TO THE PEOPLE

Samsýning
Group exhibition

04.12.2021 – 29.05.2022

Það þóttu stórtíðindi þegar athafnamaðurinn Ragnar Jónsson, kenndur við Smára, ákvað að færa Alþýðusambandi Íslands málverkasafn sitt að gjöf sumarið 1961. Ósk Ragnars var síðu að stofnað yrði listasafn sem kæmi listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu. Listaverkagjöf Ragnars – um 147 verk – lagði grunninn að Listasafni ASÍ og geymir verk margra af þekktustu myndlistarmönnum þjóðarinnar frá síðustu öld.

Ragnar Jónsson byggði safn sitt í kring um fastan kjarna, stór og kynngimögnuð verk eftir fimm listmálara, sem að hans mati voru þekktustu listamenn samtímans. Það voru þeir Ásgrímur Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Jón Stefánsson, Gunnlaugur Scheving og Þorvaldur Skúlason.

Á sýningunni er lögð áhersla á verk þessara listamanna, leitast er við að fanga þá meginhugsun sem lá að baki söfnunarstefnu Ragnars og speglar sýn hans á íslenska listasögu.

Sýningin er samstarfsverkefni Listasafnsins á Akureyri og Listasafns ASÍ.

Sýningarstjóri: Kristín G. Guðnadóttir, listfræðingur.

It was big news when the entrepreneur Ragnar Jónsson, known for his margarine factory Smári, decided to donate his collection of paintings to the Icelandic Confederation of Labour (ASÍ) in the summer of 1961. Jónsson's wish was to establish an art museum that would present art to the working people of Iceland. ASÍ Art Museum was founded with Jónsson's donation of 147 works, a collection that includes works by the most renowned Icelandic artists from the last century.

Ragnar Jónsson built his collection around a core of large, arresting works by five painters whom he ranked as being the most celebrated artists of their time. They were Ásgrímur Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Jón Stefánsson, Gunnlaugur Scheving and Þorvaldur Skúlason.

In emphasizing these five artists, this exhibition seeks to convey the gist of Ragnar's acquisition policy and to reflect his view of Icelandic art history.

The exhibition is a collaborative project between Akureyri Art Museum and ASÍ Art Museum.

Curator: Kristín G. Guðnadóttir, art historian.



ÁRSKORT

Með árskorti að **Listasafninu á Akureyri** færðu
aðgang að öllum sýningum árið um kring fyrir
aðeins 4.000 kr. frá og með kaupdegi



SJÁUMST Í VOR !



LISTASUMAR 2021

ART SUMMER 2021

MYNDLIST
TÓNLIST
LEIKLIST
BÓKMENNTIR
HÖNNUN
SÝNINGAR
UPPÁKOMUR
GJÖRNINGAR
LISTSMIÐJUR FYRIR BÖRN

VISUAL ART
MUSIC
THEATRE
LITERATURE
DESIGN
EXHIBITIONS
EVENTS
PERFORMANCES
CHILDREN'S WORKSHOPS



N4

**Pú getur horft á N4 þar sem þú vilt,
þegar þú vilt og fundið þína
uppáhaldspætti auðveldlega.**



Sjónvarp



www.n4.is



N4 safnið



N4 blaðið



N4 hlaðvarp



N4sjónvarp



Youtube



N4sjónvarp



Tímaflakk

N4, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri

n4@n4.is — 412 4402 — www.n4.is

lífið er **list** er lífið

LEIÐSÖGN GUIDED TOUR

Leiðsögn alla
fimmtudaga

Guided tour every
Thursday

Nánari upplýsingar
For more info

listak.is



akureyri
Oftast sólarmegin .NET

PAPPÍR ER UMHVERFISVÆNN OG FRAMLEIDDUR ÚR SJÁLFBÆRUM SKÓGUM

Með því að nota pappír stuðlum við að ræktun nytjaskóga og leggjum þannig okkar lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn loftlagsbreytingum.

(Heimildir: Sleggjúðómar og staðreyndir - um pappír og prent).

Ásprent er umhverfisvottuð prents miðja

 **ásprent**

Glerárgötu 28 / 600 Akureyri / 4 600 700



[RUB23]
RESTAURANT
FISH - MEAT - SUSHI



B
BAUTINN
- Veitingastaður síðan 1971 -



*Gilið
hefur upp á
svo margt að bjóða*




**PIZZA
SMIDJAN**
- ELDRAKADAR OG STÖKKAR -




SUSHI
CORNER

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.



Mynd á miðopnu: Frá A! 2020 / From A! 2020, Drengurinn fengurinn og Honey Rotten.
Midsection photo: Frá A! 2020 / From A! 2020, Drengurinn fengurinn & Honey Rotten.

Sýningaskrá Listasafnsins á Akureyri 2021 skartar fjórum mismunandi forsíðum.
Akureyri Art Museum's Program-booklet 2021 has four different covers.




Art Scene
2010
Ann Noël

Chicago
1974
Erró

Hekill Wearing Fingerprints Slow Day
2016
Hekla Björt Helgadóttir

Á svörtum grunni
1958
Valtýr Pétursson




Kristall

Starfsfólk Employees

Hlynur Hallsson

Safnstjóri
Director

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir

Fræðslufulltrúi
Museum education

Haraldur Ingi Haraldsson

Verkefnastjóri
Project manager

Heiða Björk Vilhjálmsdóttir

Fræðslufulltrúi
Museum education

Hlynur F. Þormóðsson

Kynningarstjóri
PR & web

Ingvar Haraldsson

Húsvörður
Janitor

Sigriður Trampe

Umsjón móttöku og safnbúðar
Reception / Museum store

Þorbjörg Ásgeirs dóttir

Safnfulltrúi
Museum coordinator

Bergþóra Aradóttir

Móttaka
Reception

Þorri Birgisson

Móttaka
Reception

Þórunn Soffía Þórðardóttir

Móttaka
Reception

Aðgangseyrir

kr. 1.900

Árskort Listasafnsins á Akureyri

kr. 4.000

Vinir Listasafnsins á Akureyri

kr. 5.000

Eldri borgarar og námsmenn

kr. 650

Frítt fyrir 18 ára og yngri, öryrkja og meðlimi
í FÍSOS, SÍM og ICOM

Listasafnsráð

Advisory Board of Akureyri Art Museum

Hilda Jana Gísladóttir

Rósa Kristín Júlíusdóttir

Aðalsteinn Þórsson

Haraldur Ingi Haraldsson

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna Listasafnsins
Observer, member of staff

Stjórn Akureyrarstofu myndar stjórn

Listasafnsins á Akureyri

Board of Akureyri Cultural and
Marketing Office

Hilda Jana Gísladóttir

Formaður Chairman

Sigfús Arnar Karlsson

Varaformaður Vice chairman

Anna Fanney Stefánsdóttir

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Finnur Dúa Sigurðsson

Karl Liljendal Hólmeirsson
Áheyrnarfulltrúi Observer

Útgefandi Publisher

Listasafnið á Akureyri Akureyri Art Museum

Ritstjóri Editor

Hlynur F. Þormóðsson

Hönnun Design

Cave Canem hönnunarstofa

Prentun Print

Ásprent umhverfisvottuð prentsmiðja

ISBN 978-9935-9524-2-4

Ljósmyndir Photographs

Daniel Starrason,

Listasafn ASÍ ASÍ art collection,

listamenn artists

Aðgangseyrir	kr. 1.900	Admission	ISK 1.900
Árskort Listasafnsins á Akureyri	kr. 4.000	Season tickets to Akureyri Art Museum	ISK 4.000
Vinir Listasafnsins á Akureyri	kr. 5.000	Friends of Akureyri Art Museum	ISK 5.000
Eldri borgarar og námsmenn	kr. 650	Senior citizens and students	ISK 650

Free admission for 18 and under, disabled people and
members of FÍSOS, SÍM and ICOM

Listamenn!

Hjá okkur fæst **mikið úrval** af
vönduðum myndlistarvörum.

DALER ◆ ROWNEY



=  = **SLIPPFÉLAGIÐ**

Opið: **8-18** virka daga og **10-14** laugardaga • Sími **588 8000** • slippfelagid.is